

Nd.

394. Frumvarp til laga

[183. mál]

um breyting á lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Áburðarverksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum, nema fasteignasköttum og landsútsvari samkv. II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til laga um tekjustofna sveitarfélaga, 17. gr., er lagt til, að Áburðarverksmiðjan greiði landsútsvar, og einnig felst það í II. kafla þess frv., að fyrirtækið gjaldi fasteignaskatta til sveitarfélaga. Þykir heppilegt að breyta lögum um Áburðarverksmiðjuna til samræmis við greind ákvæði frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga. Um vatnsskatt, holræsagjöld, gangstéttargjald eða önnur slík gjöld gildir að sjálfsögðu sama og um fasteignaskatta.

Um álagningu gjalda á árinu 1962 fer samkvæmt því, er segir í frumvarpinu. Að öðru leyti þarfnast frv. ekki skýringa.